

GJALDSKRÁ

Heyrnar- og talmeinstöðvar fyrir þjónustu við þá sem eru með heyrnar- og talmei.

1. gr.

Viðgerðarþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir viðgerð á hjálpartæki eftir að ábyrgð-artíma lýkur sem hér segir:

- a. Fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur sem tekur að gera við tækið greiðast kr. 500 með virðisaukaskatti.
- b. Fyrir íhluti (varahluti) greiðist kostnaðarverð.

2. gr.

Sérfræðilæknisþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Greining og meðferð talmeina.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir greiningu og meðferð talmeina, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar rannsóknir sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt:
 - a. Fyrir greiningu 2.139 kr.
 - b. Einstaklingsmeðferð 2.139 kr.
 - c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis, 1.432 kr. fyrir hvorn sjúkling.
 - d. Hópmeðferð 955 kr. fyrir hvern sjúkling.
2. Þeir sem eru 67 ára og eldri, einstaklingar metnir til 75% læknisfræðilegrar örorku, þeir sem fá endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, börn með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins, önnur börn yngri en 18 ára og sjúkratryggðir almennt með þjálfunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins:
 - a. Fyrir greiningu 891 kr.
 - b. Einstaklingsmeðferð 891 kr.
 - c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis 597 kr. fyrir hvorn sjúkling.
 - d. Hópmeðferð 398 kr. fyrir hvern sjúkling.
3. Öðrum, sbr. 2 tölul. en sjúkratryggðum almennt, með þjálfunarkort skal veitt þjónustan að kostnaðarlausu.

4. gr.

Heyrnarrannsóknir á vinnustöðum.

Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða kr. 2.200 fyrir hvern einstakling sem mældur er af Heyrnar- og talmeinstöð.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 37. gr. a laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 233/2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.